



Menningarmánuðurinn október 2012

11. október **Árgalakvöld-**

Í Litla Leikhúsinu við Sigtún 1. Selfossi kl. 20.00

Fimm ára börn og fullþroska kvæðamenn kveða gamlar og nýjar stemmur.

Farið er með vísur, nýjar og gamlar. **Frítt inn.**

Fyrripartur til að botna:

**Hérna verður kátt í kvöld,
kvæðamenn sig þenja.**

12. – 16. okt **Hreint hjarta-** Sambíóin, Selfossi.

Sýningartími:

- 12. og 16 okt. kl. 20.00

- 13. og 14. okt. kl. 18.00 og 20.00

Mynd um Séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson, sóknarprest á Selfossi, manninn á bakvið hempuna og hans fjölmörgum störf ekki síst í sálgæslu. Myndin var valin besta heimildarmyndin á kvikmyndahátíðinni Skjaldborg 2012. Leikstjóri Grímur Hákonarson. **Miðaverð 1.400 kr.**

19. október **Októberfest-**

Gónhóll Eyrarbakka kl.20.30

Talið niður í októberfest. Slegið upp októberfestival með hljómsveitinni Glundroða. Alvöru þýsk stemmning eins og hún gerist best. Húsið opnar kl. 20.00. **Frítt inn.**

21. október **Styrktartónleikar fyrir flygil á Stokkseyri-**

Kl. 12.00 í húsnæði Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Nemendur, foreldrar og starfsmenn spila. **Vægur aðgangseyrir.**

25. október **Afmælishátíð Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri-**

Í tilefni af 160 ára afmæli barnaskólans. Nánari dagskrá auglýst síðar á

www.arborg.is

27. október **Byggðarhornsfjör-**

Söngur og stemning úr sveitinni í Hvíta Húsinu á Selfossi kl. 21.00

Kvöldið er til heiðurs Byggðarhornsfjölskyldunni. Fjölbreytt skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Húsið opnar kl. 20.00. **Frítt inn.**

3. nóv. **Pólskur menningardagur-**

Í Tryggvaskála, Selfossi, kl. 14.00.

Pólverjar kynna menningu sína með fjölbreyttri dagskrá og bjóða gestum að smakka pólska matargerð og bakstur. **Frítt inn.**